

***FORSÆTISNEFND 3. september 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um reglur um fjarfundarbúnað - R21090029***

Tillaga Flokks fólksins um reglur um fjarfundi. Nú er búið, eina ferðina enn, vegna COVID, að framlengja heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi – notkun fjarfunda á fundum ráða og nefnda. Fulltrúi Flokks fólksins vonar að fjarfundamöguleikinn sé kominn til að vera enda gagnlegt að eiga þess kost að vera á fjarfundi eftir atvikum. Mikilvægt er að setja reglur um fjarfundi sem snúa að fjarfundunum sjálfum þegar þeir eru í framkvæmd. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að forsætisnefnd samþykki að fundarmenn á fjarfundum skuli ávallt vera í mynd á fjarfundunum en að leyft verði að slökkva á myndavél rétt á meðan snætt er eða farið á salerni. Á því hefur borið allt of oft að borgarfulltrúar í fjarfundi séu með slökkt á myndavélum allan fundinn. Það er óviðunandi.